



Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Lita- og formfræði SJÓN1LF05	
	Námsáætlun haust 2016	

Kennarar	Viðtalstímar á kennarastofu listnámsbrautar	
Björg Eiríksdóttir bjorg@vma.is	Mánudagar kl. 9:40-10:20	BJE
Veronique Legros vero@vma.is	Þriðjudagar kl. 9:55-10:35	VER

Áfangalýsing

Í áfanganum kynnist nemandinn lögmálum myndbyggingar og rannsakar hvernig eðli myndflatar breytist eftir því á hvaða hátt línur og form skipta honum upp. Nemandinn þjálfar sig í óhlutbundinni myndgerð með það að markmiði að ná fram mismunandi áhrifum á tvívíðan flöt en einnig í þrívídd. Grundvallaratriði í meðferð lita eru einnig viðfangsefni áfangans og kannar nemandinn samspil þeirra, virkni og áhrif. Nemandinn þjálfast í að blanda liti og beita þeim á markvissan hátt. Hann þjálfast í notkun margvíslegra efna og áhalda við rannsóknir sínar. Nemandinn kynnist verkum nokkurra listamanna og hönnuða í tengslum við verkefnavinnu. Samhliða henni þjálfast hann einnig í notkun grunnhugtaka í lita- og formfræði.



Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum í lita og formfræði
- ólíkum áhrifum lína og forma á mismunandi stöðum í myndfleti
- mismunandi áhrifum og vægi lita
- blöndun og beitingu ljós- og efnislita
- klassískum fegurðarlögmálum og notkun þeirra í myndlist, hönnun og byggingarlist

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita litum og formum til að ná fram mismunandi áhrifum
- nota grunnhugtök í lita og formfræði
- nota mismunandi efni og áhöld og blanda liti
- nota verk nokkurra myndlistamanna og hönnuða sem innblástur fyrir eigin vinnu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rannsaka óhlutbundna myndbyggingu
- nýta grundvallaratriði í myndbyggingu, lita og formfræði til að tjá eigin hugmyndir
- rökstyðja skoðanir sínar um mismunandi merkingu lita, forma og efnis
- nýta og meðhöndla mismunandi efnistegundir bæði í tvívíðum og þrívíðum verkum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Lita- og formfræði SJÓN1LF05	Námsáætlun haust 2016
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð

Fjölbreytileg verkefnavinna alla önnina þar sem unnið er með lita- og formfræði í sitt hvoru lagi og samtvinnað. Teiknað og málað í tvívídd og þrívídd með ymsum efnum og áhöldum.

Formfræði

Leikið með línur og form. Athugað hvernig eðli myndflatarins breytist eftir því hvernig línur og form skipta honum upp. Þættir eins og hreyfing, hrynjandi, spenna, jafnvægi, jákvætt og neikvætt form skoðaðir ásamt áferð.

Litafræði

Litahringur unninn út frá frumlitum. Þættir eins og birta, hitastig, hreinleiki, metnun, andstæður í litum skoðaðir og þeim beitt. Litablöndun þjálfuð.

Mikilvægt að vinna öll verkefni og skila vel uppsettum í möppu í lok annar.

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar		Vægi
Formfræði	Afrakstur í tengslum við ætlan, notkun grunnreglna, vald á efnum og aðferðum		30%
Litafræði	Afrakstur í tengslum við ætlan, notkun grunnreglna, vald á efnum og aðferðum		30%
Frágangur	Sjónræn uppsetning í möppu		5%
Skissur	Sjálfstæð rannsókn og tilraunir í tengslum við efni áfangans		5%
Vinnuferli	Opinn hugur, frumleiki, hugvitssemi		10%
	Þor, eflist við ögrun, rannsakar sjálfstætt, heldur sig að verki		10%
	Vinnur úr upplýsingum, notar fyriryndir, ígrundar		10%
	Samtals:		100%
Annað: Þættirnir eru metnir stöðugt á önninni og í lok annar með leiðsagnarmati, sjálfsmati og kennaramati			

Gögn

A3 mappa með 20 plastumslögum, svartir tússpennar(artline) 0,4, 0,6 og þykkur, skæri og límstifti

Með fyrirvara um breytingar

Símar eru velkomnir til náms

Opið hús 1. des

Verk skulu sótt á sýnidegi prófa

17. ág. 2016

Véronique Lezer
Elvira Guðjónsdóttir

Gangi ykkur vel

Sólveig Þóra Þórsd.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Undirritun kennara

Gæðahandbók 09: Námsáætlanir

Prent. dags.: 16/08/2016